

## Að skrifa ritgerð

Þegar skrifuð er ritgerð þarf að gæta þess að meðferð heimilda sé samkvæmt reglum. Traustast er að styðjast við heimildir sem eru merktar tilteknum höfundi eða heimildir sem merktar eru viðurkenndri stofnun. Ekki er ástæða til að staldra lengi við heimildir af Netinu sem eru ómerktar.

Allar heimildir sem notaðar eru skulu vera í heimildaskrá en einnig skal vísa í heimildir í textanum sjálfum. Kerfið sem notað er í skólanum heitir APA kerfið og hér verður sýnt hvernig mismunandi heimildir eru settar upp í heimildaskrá og hvernig vísað er í þær í texta (tilvísanir).

**ATHUGIÐ VEL: Við gerð heimildaritgerðar þarf einkum að hyggja að tvennu hvað varðar upplýsingar um þær heimildir sem notaðar eru. Í fyrsta lagi þarf að gera heimildaskrá sem birt er aftan við ritgerðina sjálfa. Hins vegar þarf að vísa til heimildanna og er það gert innan sviga í texta ritgerðarinnar. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda við gerð heimildaskrár og tilvísana. Á eftir þessum leiðbeiningum er birt sýnishorn af heimildaritgerð og þar er hægt að skoða hvernig tilvísanir eru gerðar og hvernig heimildaskrá er sett upp. SKOÐIÐ SÝNISHORNIÐ VEL.**

Mjög mikilvægt er að vanda mjög alla uppsetningu og frágang. Notið hefðbundna leturgerð (*Times New Roman, Arial* eða slíkt), tólf punkta letur og línubil 1,5. Munið að gefa ritgerðinni ykkar nafn og á forsíðu þarf að koma fram nafn höfundar, nafn og númer áfanga, titill ritgerðar, nafn útgáfustaðar (skólans) og ár. Forsíðan skal vera snyrtilega upp sett og með hóflegum skreytingum. Aðrar upplýsingar s.s. kennitala, nafn kennara o.þ.h. mega koma fram en það er ekki skylda.

Nokkrar reglur sem hafa ber í huga varðandi heimildaskrá:

- Heimildum er alltaf raðað í stafrófsröð.
- Ef sami höfundur er með fleiri en eitt rit er það útgáfuárið sem ræður (elsta bókin kemur fyrst).
- Ef sami höfundur er með fleiri en eitt verk sem koma út á sama ári eru þau auðkennd með bókstöfunum a og b inn í sviganum á eftir ártalinu.
- Nöfn íslenskra höfunda eru skráð: **fornafn, eftirnafn**.
- Nöfn erlendra höfunda eru skráð: **eftirnafn, fornafn**.
- Alltaf á að skrá allan titilinn, ekki gleyma undirtitlinum.
- Titlar bóka, greinasafna, tímarita o.s.frv. eru alltaf skáletraðir.
- Titlar greina eru alltaf innan gæsalappa.
- Notið íslenskar „gæsalappir.“
- Muna að setja blaðsíðutöl greina, þ.e. blaðsíðutöl greinarinnar í heild í heimildaskrá og blaðsíðutalið/tölin sem vísað er til í tilvísun.

- Ef um mikinn fjölda ritstjóra eða höfunda er að ræða er oft nóg að nefna 1-2 fyrstu og bæta síðan við o.fl. Ef allir eru taldir upp er það gert í sömu röð og á titilsíðu bókar.
- Ef upplýsingar vantar einhverra hluta vegna setjið það innan hornklofa, dæmi: Höfundur [áartal vantar]. *Titill*. Útgáfustaður, útgefandi.

## APA Kerfið

Kerfið sem er notað hér á eftir er byggt á APA-kerfinu, þá eru tilvísanir í sviga í meginmáli.

### Bækur

**Heimildaskrá:** Höfundur/Ritstjóri (útgáfuár). *Titill og undirtitill*. Bindisnúmer (ef við á). (Útgáfa ef við á). Þýðandi (ef við á). Útgáfustaður: Útgefandi.

**Tilvísun** (í sviga á eftir tilvitnun): Höfundur/Ritstjóri, útgáfuár, bls. sem vísað er til.

#### **Bók eftir íslenskan höfund**

Dagný Kristjánsdóttir (1996). *Kona verður til. Um skáldsögur Ragnheiðar Jónsdóttur*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.

#### **Bók eftir erlendan höfund**

Brunvand, Jan Harold (1981). *The Vanishing Hitchhiker. American Urban Legends and Their Meanings*. London and New York: W.W. Norton & Company.

#### **Bók eftir tvo eða fleiri höfunda**

Moyer, R. Charles, McGuigan, James.R. og Kretlow, William. J (1998). *Contemporary Financial Management* (7. útgáfa). Cincinatti: South Western College Publishing.

Brynja Baldursdóttir og Hallfríður Ingimundardóttir (2001). Orðakaldrur - Kennslubók í íslensku fyrir byrjandaáfangna í framhaldsskólum (2. Útgáfa). Reykjavík: Iðnú.

#### **Þýdd bók eftir erlendan höfund**

Barthes, Roland (1990). *The Fashion System*. Matthew Ward og Richard Howard (þýðendur). Los Angeles: University of California Press.

#### **Bækur í tveimur eða fleiri bindum**

Magnús Ásgeirsson (1975). *Ljóðasafn*. II bindi. Reykjavík: Helgafell.

#### **Ritstýrð bók**

Í ritstýrðri bók er uppsetningin sú sama og hér að ofan en þess er getið innan sviga að um ritstjóra sé að ræða.

## **Erlend ritstýrð bók**

Bohannon, Paul og Mark Glazer (ritstjórar) (1988). *High Points in Anthropology*. (2. útgáfa). New York: McGraw-Hill, Inc.

## **Íslensk ritstýrð bók**

Frosti F. Jóhannsson (ritstjóri) (1989). *Íslensk þjóðmenning. Munnmenntir og bókmenning*. 6. bindi. Reykjavík: Þjóðsaga.

## **Grein eða kafli í ritstýrðri bók**

**Heimildaskrá:** Greinarhöfundur (útgáfuár). „Titill greinar.“ *Titill bókar*. (Útgáfa ef við á). Ritstjóri. Útgáfustaður: Útgefandi, blaðsíðutal greinarinnar.

**Tilvísun:** Greinarhöfundur, útgáfuár, bls. sem vísað er til.

## **Íslensk bók**

Jón Hnefill Aðalsteinsson (1989). „Þjóðsögur og sagnir.“ *Íslensk þjóðmenning. Munnmenntir og bókmenning*. 6. bindi. Frosti F. Jóhannsson (ritstjóri). Reykjavík: Þjóðsaga, bls. 228-290.

## **Erlend bók**

Gossen, Gary H. (1979). „Temporal and Spatial Equivalents in Chamula Ritual Symbolism.“ *Readers in Comparative Religion. An Anthropological Approach*. (4. útgáfa). William A. Lessa og Evon Z. Vogt (ritstjórar). New York: Harper Collins Publishers, bls. 116-129.

## **Tímaritsgreinar**

**Heimildaskrá:** Greinarhöfundur (útgáfuár). „Titill greinar.“ *Heiti tímarits*, hefti, árgangur, blaðsíðutal greinarinnar.

**Tilvísun:** Greinarhöfundur, útgáfuár, bls. sem vísað er til.

Dagný Kristjánsdóttir (1989). „Ástin og guð. Um nokkur ljóð Jónasar Hallgrímssonar.“ *Tímarit Máls og menningar*, 3. hefti, 50. árg., bls. 341-360.

Klintberg, Bengt af (1981). „Modern Migratory Legends in Oral Tradition and Daily Papers.“ *ARV. Scandinavian Yearbook of Folklore*, 37. árg., bls. 154-161.

## **Skýrslur og bæklingar**

Skráning á skýrslum og bæklingum fylgir í meginatriðum sömu reglum og um bók væri að ræða. Gott er að taka fram að um skýrslu eða bækling sé að ræða innan sviga á eftir titlinum. Ef skýrslur eru höfundalausar er stofnunin eða fyrirtækið sem gefur hana út skráð sem höfundur.

**Heimildaskrá:** Höfundur/Stofnun/fyrirtæki (útgáfuár). Titill (skýrsla). (Útgáfa, ef við á). Útgáfustaður: Útgefandi.

**Tilvísun:** Höfundur/Stofnun/fyrirtæki (útgáfuár), bls. sem vísað er til.

## Skýrsla þar sem höfundar er getið

Einar Guðmundsson (1988). *Lestrareinkunnir barna* (fjölrit nr. 1). Reykjavík: Sálfræðideild skóla, Breiðholtshverfi.

## Höfundar ekki getið

Rafmagnsveitur ríkisins (1989). *Nýjar leiðir í orkubúskap. Eru vindmyllur raunhæfur kostur fyrir Íslendinga?* (skýrsla). Reykjavík: Rafmagnsveitur ríkisins.

## Óbirt rit, t.d. ritgerðir eða fyrirlestur

**Heimildaskrá:** Höfundur (ártal). *Titill*. Eðli heimildar, t.d. óbirt ritgerð eða fyrirlestur.

**Tilvísun:** Höfundur, ártal, bls. sem vísað er til.

## Námsritgerð

Rakel Pálsdóttir (1997). *Flókkusagnir í samtímanum. Um kóngulær og kynlega farþega*. Óbirt BA-ritgerð í þjóðfræði við Háskóla Íslands, Félagsvísindadeild.

## Fyrirlestur

Soffía Auður Birgisdóttir (1995). *Ný Náttúrusýn í íslenskum bókmenntum*. Erindið var flutt á Rannsóknaræfingu Félags íslenskra fræða 13. maí. Erindið er í vörslu höfundar.

## Rit sem bíður prentunar

Skráning verka í prentun lýtur sömu reglum og lýst er að ofan, í stað útgáfuárs kemur (í prentun).

**Heimildaskrá:** Höfundur/Ritstjóri (í prentun). „Titill greinar.“ (ef við á) *Titill bókar*. Ritstjóri (ef við á). Útgáfustaður: Útgefandi.

**Tilvísun:** Höfundur, í prentun.

Jón Jónsson og Rakel Pálsdóttir (í prentun). „Det skrækkelige i islandsk folketno. Udvikling og funktion.“ Erindi flutt á ráðstefnunni *Det skremmende og mørke i barnekulturen: Skrekkens estetik, ritualer og ressourser*. Haldin í Kaupmannahöfn, október 1999.

Bachman, L.F. og A.S. Palmer (í prentun). *Basic Concerns in language test validation*. Reading: Addison-Wesley.

## Grein úr dagblaði

**Heimildaskrá:** Höfundur/dagblað (ártal, dagsetning). „Titill greinar.“ *Dagblað* (ef ekki fremst), bls. greinarinnar.

**Tilvísun:** Höfundur, ártal, bls. sem vísað er til.

## Grein merkt höfundi

Baldur Jónsson (1977, 22. nóv.). „Staða íslenskrar tungu.“ *Morgunblaðið*, bls 3-4.

## Höfundar ekki getið

*Morgunblaðið* (2000, 20. sept.). „Kjarasamningur í burðarliðnum.“ Blað C, bls. 3.

## Bókmenntir þar sem höfundar er ekki getið, t.d. Íslendingasögurnar

**Heimildaskrá:** *Titill* (útgáfuár). (Útgáfa ef við á). X annaðist útgáfuna, eða tók saman o.s.frv. Útgáfustaður: Útgefandi.

**Tilvísun:** *Titill*, útgáfuár, bls. sem vísað er til.

*Gísla saga Súrssonar* (1971). Skúli Benediktsson sá um útgáfuna. Hafnarfjörður: Skuggsjá.

Ef um t.d. Þjóðsagnasöfn er að ræða sem strangt til tekið eru höfundarlaus, skráum við safnarann sem höfund.

Jón Árnason (1954-60). *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*. 1.-6. bindi. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfu. Reykjavík: Þjóðsaga.

## Greinar úr alfræðiorðabókum

### Grein merkt höfund

Hamilton, Clarence Herbert (1964). „Buddhism.“ *Encyclopædia Britannica*. 4. bindi. London: William Benton, bls. 354-362.

## Höfundar ekki getið

Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir (ritstjórar) (1990). „Búddatrú.“ *Íslenska Alfræðiorðabókin A-G*. Reykjavík: Örn og Örlygur, bls. 224-225.

## Útvarpserindi

**Heimildaskrá:** Höfundur/umsjónarmaður (ártal, dagsetning). *Titill þáttar* (útvarpsþáttur). Útvarpsstöð.

**Tilvísun:** Höfundur, ártal, dagsetning..

Jón Ársæll Þórðarson (1990, 1. apríl). *Daglegt mál* (útvarpsþáttur). Ríkisútvarpið, Rás 1.

## Kvikmyndir

Maas, J.B. (framleiðandi) og D.H. Glueck (stjórnandi) (1979). *Deeper into hypnosis* (kvikmynd). Englewood Cliffs: Prentice Hall.

## Lög og reglugerðir

**Heimildaskrá:** *Titill*, nr./ártal

**Tilvísun:** *Titill*, ártal, bls. sem vísað er til

*Lög um Háskóla Íslands nr. 77/1979*

*Reglugerð um veitingu læknaleyfis og sérfræðileyfa nr. 311/1986*

## **Heimildir af netinu**

Það er mismunandi hvaða upplýsingar eru gefnar upp á netinu en best er að hafa skráninguna eins ítarlega og kostur er.

**Heimildaskrá:** Höfundur (ártal). „Titill greinar.“ Ritstjóri (ef einhver er). Slóðin. Skoðað (dagsetning).

**Tilvísun:** Höfundur, ártal.

Eyjólfur Örn Jónsson (2009). „Anorexia, meðferð og batahorfur.“  
<http://www.persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=134&pid=16>. Skoðað 16. september 2009.

## **Munnlegar heimildir**

Munnlegar heimildir geta verið bæði fjölbreyttar og ólíkar, allt frá óformlegu samtali til langs viðtals. Mjög mismunandi er hvernig vitnað til þeirra og skapast það að miklu leyti af rannsókninni sem unnið er að.

Ef rannsóknin er t.d. þess eðlis að unnið er með mörg viðtöl er heimildaskrá oft skipt í ritheimildir og munnlegar heimildir og eru viðtölin þá oft tölusett eða auðkennd á einhvern annan hátt. Dæmi um skráningu:

*Viðtal 12* (1999, 4. júní). Viðtal höfundar við Jón Jónsson (í vörslu höfundar).

Ef heimildin er óformlegt samtal er t.d. hægt að skrá hana á eftirfarandi hátt:

Árni Einarsson (1980, 1. nóv.). Munnleg heimild.

VERKMENNTASKÓLI AUSTURLANDS

NÁM 103

# Nafn verkefnis

---

Jón Jónsson

Haustönn 2009

## Efnisyfirlit

INNGANGUR .....	3
SAMVINNUNÁM .....	3
NÁMSMARKMIÐIN .....	4
LOKAORÐ .....	4
HEIMILDASKRÁ .....	5



## INNGANGUR

Sífelld er verið að leita að kennsluáferðum sem skila góðum árangri. Á undanförunum árum hafa sjónir manna beinst að svonefndu samvinnunámi og verður stuttlega gerð grein fyrir því í þessu heimildarverkefni. Eins verður fjallað um þau námsmarkmið sem stefnt er að með samvinnunámi.

## SAMVINNUNÁM

Fylgismenn samvinnunáms segja að hópur af námsmönnum geti byggt upp mun öflugri skilning á efni en einstaklingur gerir. Samvinnunám felst í að nemendur vinni saman í litlum hópum þannig að allir taki þátt í verkefnum sem úthlutað eru á greinilegan máta. (Eggen, P. og Kauchak, D., 2004, 298 - 299)

Samvinnunám gefur nemendum færi á að kynnst jafningjum sem gætu haft mismunandi sýn á hlutina, um hvernig þeir eru framkvæmdir eða „sannleikann“ um þá. Hóparnir í samvinnunámi ættu ekki að vera fjölmennari en fjórir til fimm nemendur og vera eins misleitir og aðstæður leyfa. Hópurinn ætti að vera blandaður af stelpum og strákuum, nemendur ættu að vera á mismunandi getustigum og ef möguleiki er með mismunandi þjóðar- og félagslegan bakgrunn. Allir nemendurnir ættu að setja markmiðin saman fyrir hópinn og gera þarf hópnum grein fyrir því að allir þurfa að leggja eitthvað af mörkuum. Mikilvægt er að hver nemandi fá sitt hlutverk í verkefninu eins og heimildaöflun eða tölvuvinnu. Nemendur læra að hvetja hvern annan til að ná markmiðunum, með til að mynda jafningjakennslu, upplýsingaskiptum og tímabundinni aðstoð. (Snowman, J. og Biehler, R. 2006, 364 og 378-379)

Í eftirfarandi lýsingu er fjallað um kosti samvinnunáms:

*Rannsóknir sýna að samvinnunám getur haft góð áhrif á sjálfstraust nemenda, samvinnunámið virkaði sem góð hvatning fyrir nemendurnar, þeir voru viljugri til að taka þátt og sýna sína getu í hópnum. Nemendur sem lært hafa í gegnum samvinnunám hafa komið betur út úr prófum en þeir sem njóta annarra kennsluáferða. Samvinnunám hefur einnig áhrif á samskipti á milli nemenda og rannsóknir sýna að meiri líkur eru á að vinátta skapast á milli ólíkra þjóðarbakgrunna ef samvinnunám á sér stað, að auki hefur vináttan reynst sterkari og nánari. (Snowman, J. og Biehler, R. 2006, 379-381)*

## NÁMSMARKMIÐIN

Þau námsmarkmið sem unnið er að með samvinnunámi eru eftirfarandi og eru fengin úr Aðalnámskrá framhaldsskóla (Menntamálaráðuneytið, 2007, 27):

- Skilja mikilvægi uppbyggilegs hópstarfs
- Þekkja einkenni árangursríkra liðsheilda og hvernig megi stuðla að framgangi þeirra
- Geti greint skemmandi hegðun starfsmanna og hvernig vinna megi gegn henni

Þessi námsmarkmið eru öll á þekkingarsviði eins og það er skilgreint af Benjamin Bloom. Samkvæmt hugmyndum Bloom er þekkingarsviði skipt í sex þrep: Minni, skilning, beitingu, greiningu, nýmyndun/nýsköpun og mat (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, 20)

Með minnismarkmiðum er lögð áhersla á að muna staðreyndir, orð, tákn skilgreiningar, hugtök eða önnur minnisatriði. Markmið í þessum flokki hefjast oft á orðunum: Nemendur þekki, viti, Með minnismarkmiðum er lögð áhersla á að muna staðreyndir, orð, tákn, skilgreiningar, hugtök, hugmyndir, reglur, aðferðir, atburðarás, kenningar eða önnur minnisatriði. Markmið í þessum flokki hefjast oft á orðunum: Nemendur þekki, viti, nefni, lýsi, skilgreini eða tilgreini (Ingvar Sigurgeirsson. 1999, 20-21).

Með skilningsmarkmiðum er lögð áhersla á að nemandinn geti lagt merkingu í þá þekkingu sem hann hefur aflað sér, að hann t.d. skilji það sem hann heyrir. sér eða les. Markmiðin hefjast oft á orðunum Nemendur geti: túlkað eða þýtt, tengt saman, umorðað, útskýrt, borið saman, lýst með eigin orðum, gefið dæmi eða endursagt (Ingvar Sigurgeirsson 1999, 21).

## LOKAORÐ

Miðað við þær heimildir sem fyrir liggja hefur samvinnunám marga kosti í för með sér. Þá getur samvinnunám auðveldað að skilgreindum námsmarkmiðum sé náð. Á grundvelli þess ætti hiklaust að vera óhætt að mæla með samvinnunámi sem kennsluáferð.

## HEIMILDASKRÁ

Eggen, Paul og Kauchak, Don. (2004). *Educational psychology : Windows on classroom*. New Jersey: Pearson/Merrill Prentice-Hall.

Ingvar Sigurgeirsson (1999). *Litróf kennsluáðferðanna*. Reykjavík: Æskan ehf.

Menntamálaráðuneytið (2007). *Aðalnámskrá framhaldsskóla – starfsnám þjónustu í skrifstofu- og verslunargreinum*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið

Snowman, Jack og Biehler, Robert (2000). *Psychology Applied to Teaching*. (Ninth edition). Boston og New York: Houghton Mifflin Company.